

Sögugerð: Þrep 6

(9.–10. bekkur)

UPPBÝGGING TEXTA				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Lengd texta	1	Texti inniheldur 19 málsgreinar eða færri.	Texti inniheldur 20 til 24 málsgreinar.	Texti inniheldur 25 málsgreinar eða fleiri.
Efnisgreinar	2	Lítill eða enginn þráður er innan efnisgreina og/eða á milli efnisgreina.	Góður þráður er innan hvernar efnisgreinar.	Góður þráður er innan hvernar efnisgreinar og á milli efnisgreina.
Málsgreinar	3	Upphaf eða lengd málsgreina er fjölbreytt.	Upphaf og lengd málsgreina er fjölbreytt.	Fjölbreyttar málsgreinar (upphaf, orðaröð og lengd) eru notaðar eins og hæfir efni texta.
Tengiorð	4	Þrjú eða færri mismunandi tengiorð eru notuð.	Fjögur eða fimm mismunandi tengiorð eru notuð.	Mismunandi tengiorð, sex eða fleiri, eru notuð.
Greinarmerki	5	Greinarmerki eru sjaldnast notuð í samræmi við reglur.	Greinarmerki eru yfirleitt notuð í samræmi við reglur.	Greinarmerki eru notuð í samræmi við reglur.
Athugasemdir				

UPPBÝGGING TEXTATEGUNDAR				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Heiti	6	Sagan hefur heiti sem er almenns eðlis/fengið að láni eða heiti vantar.	Sagan hefur heiti sem tengist meginefni hennar.	Sagan hefur heiti sem tengist meginefni hennar og tilraun er gerð til að vekja áhuga lesenda.
Kynning	7	Helstu sögupersónur eru kynntar.	Helstu sögupersónum er lýst.	Persónulýsingar á aðalpersónum eru ýtarlegar eða þær lýsa sér sjálfar með athöfnum eða orðum.
	8	Sögusvið eða sögutími kemur fram.	Sögusvið og sögutími kemur fram.	Sögusviði er lýst og sögutími kemur fram.
Flækja	9	Atburðarás er skýr.	Atburðarás er skýr og greina má ris í atburðarásinni.	Upphafsatburður leiðir af sér viðbrögð hjá sögupersónum og ris sögu er greinilegt.
Lausn	10	Engin lausn/endir er á atburðarás sögunnar.	Atburðarás felur í sér lausn.	Lausn flækju er greinileg eða atburðarás er viljandi án endis og lesendur eru skildir eftir með ákveðnar vangaveltur.
Athugasemdir				

MÁLNOTKUN				
Meginmál		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Málfar	11	Málfar er í slakara lagi og að nokkru leyti í samræmi við reglur málfræðinnar. ☐	Málfar er yfirleitt gott og að mestu leyti í samræmi við reglur málfræðinnar. ☐	Málfar er gott og í samræmi við reglur málfræðinnar. ☐
Viðfangsefni, tilgangur og viðtakandi	12	Málsnið tekur að litlu leyti mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda. ☐	Málsnið tekur að mestu leyti mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda. ☐	Málsnið tekur mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda. ☐
Orðaval	13	Orðaval er fábreytt sem felur t.d. í sér skort á notkun lýsingarorða, lýsandi samheita sagnorða og nafnorða og fastra orðasambanda/ orðatiltækja. ☐	Orðaval er nokkuð fjölbreytt og áhrifaríkt sem felur t.d. í sér notkun lýsingarorða, lýsandi samheita sagnorða og nafnorða og fastra orðasambanda/ orðatiltækja. ☐	Orðaval er fjölbreytt og áhrifaríkt sem felur t.d. í sér notkun lýsingarorða, lýsandi samheita sagnorða og nafnorða og fastra orðasambanda/ orðatiltækja. ☐
Stílbrögð	14	Fáar eða engar tilraunir eru gerðar til að viðhalda áhuga viðtakanda, t.d. með því að byggja upp spennu, beita mismunandi málsniði fyrir sögupersónur, taka afstöðu til hegðunar sögupersóna og atburða, með óvæntri vendingu í söguþræði og/eða með notkun stílbragða. ☐	Nokkrar tilraunir eru gerðar til að viðhalda áhuga viðtakanda, t.d. með því að byggja upp spennu, beita mismunandi málsniði fyrir sögupersónur, taka afstöðu til hegðunar sögupersóna og atburða, með óvæntri vendingu í söguþræði og/eða með notkun stílbragða. ☐	Áhuga viðtakanda er viðhaldið, t.d. með því að byggja upp spennu, beita mismunandi málsniði fyrir sögupersónur, taka afstöðu til hegðunar sögupersóna og atburða, með óvæntri vendingu í söguþræði og/eða með notkun stílbragða. ☐
Athugasemdir				

SKRÁNING				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Stafsetning	15	Stafsetning er að nokkru leyti rétt skv. almennum og sértækum rithefðum og merking og samhengi stundum nýtt til að ákvarða og rökstyðja réttan rithátt. ☐	Stafsetning er að mestu leyti rétt skv. almennum og sértækum rithefðum og merking og samhengi yfirleitt nýtt til að ákvarða og rökstyðja réttan rithátt. ☐	Stafsetning er rétt skv. almennum og sértækum rithefðum og merking og samhengi nýtt til að ákvarða og rökstyðja réttan rithátt. ☐
Skrift	16	Skrift er stundum læsileg og uppsetning og frágangur að sumu leyti í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla. ☐	Skrift er yfirleitt læsileg og uppsetning og frágangur að mestu leyti í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla. ☐	Skrift er læsileg og uppsetning og frágangur í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla. ☐
Ritvinnsla	17	Nokkuð er um innsláttarvillur, óregluleg bil innan og/eða milli orða og/eða uppsetning ekki í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla. ☐	Stöku innsláttarvillur eru í texta, bil innan og milli orða nær alltaf rétt og uppsetning að mestu leyti í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla. ☐	Texti er laus við innsláttarvillur, bil innan og milli orða rétt og uppsetning í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla. ☐
Athugasemdir				